

Lög

**um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt,
með síðari breytingum, og lögum nr. 113/1990,
um tryggingagjald, með síðari breytingum.**

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Virðisaukaskattsskýrslur félaga sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skv. 11. gr. A laga um ársreikninga skulu byggjast á upprunalegum fjárhæðum í íslenskum krónum.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Launaframtal félaga sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skv. 11. gr. A laga um ársreikninga skal byggjast á upprunalegum fjárhæðum í íslenskum krónum eða umreiknuðum fjárhæðum á daggengi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 8. apríl 2002.